



Nemar á fyrsta misseri í Íþróttá- og heilsufræði haustið 2019

Spurningakönnun meðal nema

Skýrsla rannsóknarhóps

Maí 2020

Höfundar: Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Maí 2020

Nemendur á fyrsta misseri í Íþróttá- og heilsufræði haustið 2019

Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-9519-4-6

Inngangur

Haustið 2019 var lögð spurningakönnun fyrir nýnema sem hófu nám á Menntavísindasviði. Það haust voru 90 nýnemar skráðir á námsleiðina íþróttá- og heilsufræði við Deild heilsuefningar, íþróttá og tómsunda, 55 karlar og 35 konur. Könnunin var lögð fyrir í kennslustund í október 2019 þar sem nemar fengu krækju í spurningalista á rafrænu formi. Þátttakendur voru 61, eða 68% skráðra nýnema, og voru karlar 56% en konur 44%.

Kærar þakkir til nema sem svöruðu spurningakönnuninni.

Helstu niðurstöður

Þátttakendur úr hópi nema á fyrsta misseri í ípróttá- og heilsufræði voru 61 og voru konur tæplega helmingur, eða 44%. Nemarnir eru flestir ungir að árum, en 86% þeirra voru 25 ára eða yngri. 93% eru barnlaus og næstum helmingur býr enn í foreldrahúsum en 31% býr í leiguhúsnæði. Riflega helmingur, eða 56%, er einhleypur en 39% í sambúð eða hjónabandi. Flestir þeirra, eða 75%, búa í Reykjavík eða nágrenni Reykjavíkur.

Næstum allir hafa lokið stúdentsprófi, eða 95%, og 38% höfðu reynt fyrir sér áður í háskólanámi; 20% höfðu lokið einingum í háskóla. Um 67% nemanna höfðu reynslu af því að vinna við ípróttáþjálfun áður en þeir hófu námið og 31% hafði unnið við slíkt í meira en tvö ár. Um fjórðungur hafði unnið í einhvers konar tómstundastarfi og fimmtungur hafði unnið í leikskóla áður en námið hófst.

Aðeins 15% þátttakenda ætluðu að taka námslán en um helmingur ætlaði að vinna með náminu, 30% ætluðu að vinna 20 klst. eða minna á viku.

Tæplega helmingur nema í ípróttá- og heilsufræði átti móður með háskólapróf en 19% áttu móður með enga frekari skólagöngu en grunnskóla. Algengast var að nemarnir ættu föður með iðnmenntun eða styttri starfsmenntun, en það átti við um 40% svarenda. 32% áttu föður með háskólapróf og 11% föður sem ekki hafði menntun umfram grunnskólapróf. Um 29% nemanna áttu foreldri eða foreldra sem voru eða eru kennarar. Nær allir þátttakendur eiga íslensku að móðurmáli en 13% áttu foreldri eða foreldra sem ekki áttu íslensku að móðurmáli.

Nemar í ípróttá- og heilsufræði geta valið um kjörsvið kennara eða þjálfara. Námið er eins fyrir alla á fyrsta námsári en á öðru námsári er nokkur munur á námskeiðum eftir kjörsviði. Rúmlega helmingur ætlaði að velja kjörsvið þjálfara, 28% ætluðu að velja kjörsvið kennara en fimmtungur hefur ekki ákveðið hvort verður fyrir valinu. Ekki er líklegt að margir þeirra sem valið hafa kjörsvið þjálfara skipti yfir á kjörsvið kennara, en aðeins 6% sögðu miklar líkur á að þeir skiptu yfir. Niðurstöður voru þær sömu þegar þeir sem valið höfðu kjörsvið kennara voru spurðir hvort líklegt væri að þeir skiptu yfir á kjörsvið þjálfara, aðeins 6% töldu miklar líkur á því.

Þeir þátttakendur sem höfðu valið kjörsvið kennara voru spurðir nokkurra spurninga sem tengjast því hvort og hvernig kennarastarfið höfðar til þeirra. Rúm 70% svara að það passi að miklu eða mestu leyti að þeir vilji verða kennarar vegna þess að það sé mikilvægt að vinna með börnum og unglingum og rúm 75% þátttakenda vilja verða kennarar af því að þeir vilja að aðrir fái áhuga á að læra.

Flestir, eða 77%, höfðu fengið frekar eða mjög mikla hvatningu frá foreldrum til að hefja námið, en 56% höfðu fengið slíka hvatningu frá nánnum vinum og 50% frá maka. Tæp 40% höfðu fengið frekar eða mjög mikla hvatningu frá þjálfurum eða öðrum sem vinna við ípróttáþjálfun og 20% sögðust hafa fengið hvatningu frá kennurum eða öðrum sem vinna í skólum.

Í svörum þátttakenda við spurningu um það hvað þeir verðu miklum tíma til náms á viku kom í ljós að 36% verja 15 klst. eða minna í námið, önnur 36% verja 16 til 30 klst. í námið og 13% verja meira en 40 klst. í námið á viku. Næstum allir, eða 90%, gera ráð fyrir að taka fullt nám eða meira á sínu fyrsta misseri í náminu.

Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á tiltekna þætti sem þeim þætti líklegt að gætu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra. Flestir, eða 36%, telja að kvíði geti haft frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á námsframvindu sína en um fjórðungur tilgreindi slakan undirbúning í framhaldsskóla. Um 20% segja að lesblinda sé líkleg til að hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á námsárangur sinn og sama hlutfall nefnir álag vegna launaðrar vinnu.

Þegar spurt var um ánægju eða óánægju með tiltekna þætti í náminu lýstu flestir ánægju með samskipti við samnemendur, en yfir 90% svarenda eru frekar ánægð, ánægð eða mjög ánægð með þau og 95% lýsa yfir ánægju með námið í heild. Rúmur helmingur nema er ánægður eða mjög ánægður með samskipti við kennara og 57% eru ánægð eða mjög ánægð með upplýsingar um námið. Helmingur nemanna segir þyngd námsins hafa verið svipaða og þeir bjuggust við en tæpur þriðjungur þeirra segir það hafa verið aðeins erfiðara, erfiðara eða miklu erfiðara en þeir bjuggust við.

Við upphaf haustmisseris 2019 var skipulögð svokölluð nýnemavika þar sem dagskrá var fyrir alla nýnema á Menntavísindasviði sem ætluð var til að kynna námið og gefa nemum tækifæri til að kynnast hver öðrum og einhverjum kennurum líka. Um 69% fyrsta árs nema í íþróttá- og heilsufræði tóku þátt í nýnemavikunni. Um 70% þátttakenda í nýnemavikunni fannst sér hafa tekist frekar eða mjög vel að kynnast samnemendum og svipaður fjöldi telur að svo hafi verið varðandi upplýsingar um skipulag námsins. Rúmum helmingi svarenda fannst að frekar eða mjög vel hefði tekist að koma nemendum í gang í náminu og tæpum helmingi fannst sér hafa tekist frekar vel eða mjög vel að kynnast kennurum.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Helstu niðurstöður	4
Efnisyfirlit.....	6
Skrá yfir myndir	7
Niðurstöður	8
Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður	8
Menntun þátttakenda	10
Fyrri starfsreynsla, vinna með námi og námslán.....	11
Menntun foreldra og móðurmál	13
Kjörsvið og hvort nemar hafa íhugað að skipta um kjörsvið	14
Viðhorf til námsins og hvatning til að hefja námið.....	16
Tími sem notaður er í námið og fjöldi eininga.....	18
Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið og mat á náminu.....	19
Almennar athugasemdir um námið.....	20
Nýnemavika.....	20


Skrá yfir myndir

Mynd 1. Aldur nema á 1. misseri.....	8
Mynd 2. Búseta nema á 1. misseri eftir svæðum.....	8
Mynd 3. Húsnæði nema.....	9
Mynd 4. Hjúskaparstaða nema.....	9
Mynd 5. Fjöldi barna undir 18. ára aldri í umsjón nema.....	10
Mynd 6. Fyrri háskólanám nema.....	10
Mynd 7. Starfsreynsla nema áður en þeir hófu námið.....	11
Mynd 8. Starf sem nemar ætla að sinna með náminu.....	11
Mynd 9. Vinnutími á viku með námi.....	12
Mynd 10. Menntun foreldra nema.....	13
Mynd 11. Hlutfall nema sem eiga foreldra sem eru kennarar.....	13
Mynd 12. Móðurmál nemans og foreldra hans.....	14
Mynd 13. Val nema á kjörsviðum.....	15
Mynd 14. Mat nema sem ekki hafa valið kjörsvið á líkum á því að þeir velji kjörsvið kennara.....	15
Mynd 15. Mat nema sem hafa valið kjörsvið þjálfara á líkum á því að þeir skipti yfir á kjörsvið kennara.....	15
Mynd 16. Mat nema sem hafa valið kjörsvið kennara á líkum á því að þeir skipti yfir á kjörsvið þjálfara.....	16
Mynd 17. Viðhorf nema sem valið hafa kjörsvið kennara til nokkurra þátta.....	16
Mynd 18. Hvaðan nemar fengu hvatningu til að fara í námið.....	17
Mynd 19. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins.....	18
Mynd 20. Fjöldi eininga sem nemar ætla að taka á haustmisseri.....	18
Mynd 21. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á nám nemanna.....	19
Mynd 22. Ánægja nema með ýmsa þætti í náminu.....	19
Mynd 23. Mat nema á því hvort námið var léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við.....	20
Mynd 24. Ástæður fyrir því að nemar tóku ekki þátt í nýnemaviku.....	21
Mynd 25. Mat nema á því hvernig tókst til með nokkra þætti í nýnemavikunni.....	21

Niðurstöður


Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður

Þátttakendur úr hópi nema í íþrótt- og heilsufræði voru 61 og voru karlar 56% og konur 44%.




Mynd 1. Aldur nema á 1. misseri.

Á mynd 1 sést að flestir nemarnir, eða 86%, eru 25 ára eða yngri og rúmlega þriðjungur nema er tvítugur eða yngri. Aðeins 10% nema eru á aldrinum 26–30 ára en mjög fáir, eða 4%, eru 31 árs eða eldri.




Mynd 2. Búseta nema á 1. misseri eftir svæðum.

Langstærstur hluti nema í íþrótt- og heilsufræði býr í Reykjavík, eða 60%, og á höfuðborgarsvæðinu búa alls 76% íþróttfræðinema, á meðan 7% búa á Suðurnesjum, 7% á Suðurlandi, 7% á Norðurlandi og 4% á Vesturlandi (sjá mynd 2).




Mynd 3. Húsnæði nema.

Á mynd 3 sést að tæpur helmingur nema býr í foreldrahúsum, 15% búa í eigin húsnæði og 31% í leiguhúsnæði.



Mynd 4. Hjúskaparstaða nema.

Flestir í hópi íþrótt- og heilsufræðinema á fyrsta misseri eru einhleypir, eða 56%, eins og sést á mynd 4, á meðan tæp 40% eru í sambúð eða hjónabandi og 5% merkja við annað.




Mynd 5. Fjöldi barna undir 18. ára aldri í umsjón nema.

Á mynd 5 kemur fram að langflestir íþrótta- og heilsufræðinemanna eru barnlausir, eða 93%, á meðan 7% segjast eiga börn, þar af eiga einungis 4% tvö börn eða fleiri.

Menntun þátttakenda


Ríflega 95% nemanna höfðu lokið stúdentsprófi þegar þeir hófu nám.



Mynd 6. Fyrri háskólanám nema.


Á mynd 6 kemur fram að 62% þátttakenda höfðu ekki stundað háskólanám áður. 28% þátttakenda höfðu byrjað í öðru háskólanámi en lokið minna en ársnámi en 7% höfðu lokið eins árs námi eða meira og 3% nema höfðu lokið bakkalárgráðu frá háskóla áður en þeir hófu nám í íþrótta- og heilsufræði.

Fyrri starfsreynsla, vinna með námi og námslán




Mynd 7. Starfsreynsla nema áður en þeir hófu námið.

Þátttakendur voru spurðir um starfsreynslu sína áður en þeir hófu námið og eins og sést á mynd 7 þá höfðu tæp 70% reynslu af íþróttþjálfun, þar af rúm 20% tveggja til fjögurra ára reynslu, og 10% höfðu reynslu af þjálfun í fimm ár eða meira. Rúmur fjórðungur hafði reynslu af vinnu á fríundaheimili eða í tómstundastarfi, þar með talin er gæsla eftir skóla, og fimmtungur hafði unnið sem leiðbeinandi í leikskóla. 13% höfðu starfað sem stuðningsfulltrúar eða skólaliðar í grunnskóla og 7% höfðu starfað sem leiðbeinendur í grunnskóla.



Mynd 8. Starf sem nemar ætla að sinna með náminu.

Á mynd 8 sést að rétt tæpur helmingur þátttakenda sagðist ekki vera að vinna með náminu. Af þeim helmingi sem sagðist vera að vinna voru rúm 30% í starfi sem ekki tengist náminu en 14% starfa við íþróttabjálfun og 5% eru í öðru starfi sem tengist náminu.




Mynd 9. Vinnutími á viku með námi.

Þegar spurt var hversu margar stundir á viku þátttakendur væru að vinna sést á mynd 9 að 5% þátttakenda voru að vinna 10 stundir eða minna á viku og 25%, eða helmingur þeirra sem voru að vinna með náminu, unnu 11–20 klukkustundir á viku. Tæp 10% sögðust vinna 20–40 klukkustundir á viku en 12% gáfu ekki upp vinnustundafjölda.


Þátttakendur voru inntir eftir hvort þeir tækju námslán og þá kom í ljós að einungis um 15% svarenda tóku slík lán.

Menntun foreldra og móðurmál




Mynd 10. Menntun foreldra nema.

Spurt var um menntun foreldra nema í íþróttá- og heilsufræði og á mynd 10 sést að 46% mæðra og 32% feðra hafa lokið háskólaprófi, um fimmtungur feðra og mæðra hafði lokið stúdentsprófi og 40% feðra og 13% mæðra höfðu lokið iðnnámi eða styttri starfsmenntun. Þá sést á mynd 10 að um fimmtungur mæðra og rúm 10% feðra hafa ekki lokið frekara námi en sem svarar til grunnskólaprófs. Væri merkt við fleiri en eitt atriði voru svör skilgreind þannig að metin var hæsta prófgráða miðað við opinber viðmið.



Mynd 11. Hlutfall nema sem eiga foreldra sem eru kennarar.

Á mynd 11 sést að lítill hluti svarenda átti foreldra sem voru kennarar, 7% áttu föður sem er eða var kennari en 20% sögðu að móðir þeirra væri eða hefði verið kennari. Yfir 70% merktu við að hvorugt foreldra væru eða hefðu verið kennarar.




Mynd 12. Móðurmál nemans og foreldra hans.

Eins og sést á mynd 12 kom í ljós að næstum allir svarendur höfðu íslensku sem móðurmál. Tæp 90% sögðu að íslenska væri móðurmál beggja foreldra en 5% sögðu að íslenska væri móðurmál hvorugs foreldra sinna.


Kjörsvið og hvort nemar hafa íhugað að skipta um kjörsvið

Nemar í íþrótt- og heilsufræði geta valið um kjörsvið kennara eða kjörsvið þjálfara. Námið er eins fyrir alla á fyrsta námsári en á öðru námsári er nokkur munur á námskeiðum eftir kjörsviði.




Mynd 13. Val nema á kjörsviðum.

Eins og sjá má á mynd 13 segist rúmlega helmingur ætla að velja kjörsvið þjálfara, 28% ætla að velja kjörsvið kennara og fimmtungur hefur ekki ákveðið hvort kjörsviðið verður fyrir valinu.




Mynd 14. Mat nema sem ekki hafa valið kjörsvið á líkum á því að þeir velji kjörsvið kennara.

Þeir sem ekki höfðu ákveðið kjörsvið sitt, það er 20% þátttakenda, voru síðan spurðir hvort líklegt væri að þeir veldu kjörsvið kennara og taldi helmingur hvorki vera miklar né litlar líkur á því en fjórðungur taldi þær frekar miklar og fjórðungur annaðhvort mjög eða frekar litlar líkur.



Mynd 15. Mat nema sem hafa valið kjörsvið þjálfara á líkum á því að þeir skipti yfir á kjörsvið kennara.

Ekki er líklegt að margir þeirra sem valið hafa kjörsvið þjálfara skipti yfir á kjörsvið kennara, en þetta má sjá á mynd 15. Af þeim sem höfðu ákveðið að velja kjörsvið þjálfara voru aðeins 6% sem sögðu miklar líkur á að þeir skiptu yfir á kjörsvið kennara.




Mynd 16. Mat nema sem hafa valið kjörsvið kennara á líkum á því að þeir skiptu yfir á kjörsvið þjálfara.

Þeir sem valið höfðu kjörsvið kennara voru spurðir hversu líklegt væri að þeir skiptu yfir á kjörsvið þjálfara og töldu aðeins 6% miklar líkur á því, sjá nánar mynd 16.


Viðhorf til námsins og hvatning til að hefja námið

Þeir þátttakendur sem höfðu valið kjörsvið kennara voru spurðir nokkurra spurninga sem tengjast því hvort og hvernig kennarastarfið höfðar til þeirra.



Mynd 17. Viðhorf nema sem valið hafa kjörsvið kennara til nokkurra þátta.


Á mynd 17 sést að flestir, eða rúm 70%, svara að það passi að mestu leyti að þeir vilji verða kennarar vegna þess að það sé mikilvægt að vinna með börnum og ungmennum og rúm 75% vilja verða kennarar af því að þau vilja að aðrir fái áhuga á að læra. 64% telja nokkuð víst að þau muni ljúka kennaranáminu en ekki nema 36% eru alveg eða nokkuð viss um að kennarastarfið henti sér. 42% segja að það passi að miklu eða mestu leyti við sig að hafa haft kennara sem voru þeim fyrirmyndir. Enginn merkti við að það passaði að mestu leyti að hafa ákveðið ungur að verða kennari.



Mynd 18. Hvaðan nemar fengu hvatningu til að fara í námið.


Á mynd 18 sést hvernig þátttakendur svöruðu spurningu um hvaðan þeim hefði komið hvatning til að fara í nám í íþrótt- og heilsufræðum. Flestir, eða 77%, höfðu fengið frekar mikla eða mjög mikla hvatningu frá foreldrum og nánustu fjölskyldu en 56% höfðu fengið slíka hvatningu frá nánum vinum og 50% frá maka. Tæp 40% höfðu fengið frekar eða mjög mikla hvatningu frá þjálfurum eða öðrum sem vinna við íþróttabjálfun og 20% sögðust hafa fengið hvatningu frá kennurum eða öðrum sem vinna í skólum.

Tími sem notaður er í námið og fjöldi eininga



Mynd 19. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins.


Svör þátttakenda við spurningu um hvað þeir verðu miklum tíma til náms á viku sjást á mynd 19. Þar sést að 36% verja 15 klst. eða minna í námið, önnur 36% verja til þess 16 til 30 klst. og 13% verja meira en 40 klst. í námið á viku.



Mynd 20. Fjöldi eininga sem nemar ætla að taka á haustmisseri.


Á mynd 20 sést að um 90% þátttakenda gerðu ráð fyrir að taka fullt nám eða meira á sínu fyrsta misseri í náminu. Tæp 10% ætluðu að taka 16–25 einingar en mjög fáir minna en það. Fram kom að rúmlega 8% höfðu sagt sig úr námskeiði á haustmisseri og nefndar ástæður voru að námskeiðið hefði ekki höfðað til viðkomandi en einnig tímaskortur vegna fjölskyldu og veikindi eða slys.

Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið og mat á náminu



Mynd 21. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á nám nemanna.


Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á tiltekna þætti sem þeir teldu líklegt að gætu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra. Á mynd 21 sést að flestir, eða 36%, telja að kvíði geti haft frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á námsframvindu sína. Næstflestir, eða um fjórðungur, nefna slakan undirbúning í framhaldsskóla og 22% nefna veikindi eða slys. Um 20% segja að lesblinda sé líkleg til að hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á námsárangur sinn. Þá nefna 20% álag vegna launaðrar vinnu og tæp 15% skyldur vegna fjölskyldu sem þætti sem gætu haft frekar mikil eða mikil áhrif á námsframvinduna.



Mynd 22. Ánægja nema með ýmsa þætti í náminu.

Þegar spurt var um ánægju eða óánægju með tiltekna þætti í náminu lýstu flestir ánægju með samskipti við samnemendur, en yfir 90% svarenda eru frekar ánægð, ánægð eða mjög ánægð með þau, eins og sést á mynd 22. Þá lýsa 95% yfir ánægju með námið í heild sinni og af þeim eru 74% ánægð eða mjög ánægð. Næstum allir eru ánægðir með aðstæður í tímum, en ef taldir eru eingöngu þeir sem eru mjög ánægðir eða ánægðir þá eru 64% nema í þeim hópi. Varðandi kennslu á heildina

lítið þá eru yfir 90% ánægð, þar af eru 46% ánægð eða mjög ánægð. Rúmur helmingur nema er ánægður eða mjög ánægður með samskipti við kennara og 57% eru ánægð eða mjög ánægð með upplýsingar um námið.



Mynd 23. Mat nema á því hvort námið var léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við.

Mynd 23 sýnir mat þátttakenda á því hvort námið hafi verið léttara eða erfiðara en þeir áttu von á. Helmingur segir það hafa verið svipað og þeir bjuggust við en tæpur þriðjungur nemanna segir það hafa verið aðeins erfiðara, erfiðara eða miklu erfiðara en þeir bjuggust við. Nokkrum, eða 16% þátttakenda, fannst námið vera léttara eða aðeins léttara en þeir bjuggust við.

Almennar athugasemdir um námið


Í svörum við opnum spurningum um námið kom fram sú skoðun að of mikið væri af hópverkefnum í flestum námskeiðum. Þá kom fram að sum fög væru ekki nógu vel skipulögð og að það gerði námið erfiðara. Nokkuð margir kvarta yfir einu námskeiði á fyrsta misseri, og kvarta þar bæði yfir of miklum kröfum, slæmu skipulagi og því að kennsla hafi ekki verið nógu góð. Þessar niðurstöður voru kynntar námsbrautastjóra.

Nýnemavika

Við upphaf haustmisseris 2019 var skipulögð svokölluð nýnemavika þar sem dagskrá var fyrir alla nýnema á Menntavísindasviði sem ætluð var til að kynna námið og gefa nemum tækifæri til að kynna hver öðrum og kynna kennurum. Um 69% fyrsta árs nema í íþrótt- og heilsufræði tóku þátt í nýnemavikunni.


Í svörum við opinni spurningu um nýnemavikuna kom fram sú skoðun að það hefði verið betra að hafa nema á íþrótt- og heilsufræðibraut sér og að það væri „gagnslaust að eyða nokkrum klukkutímum í að skoða stofur og/eða hluti sem koma mínu sviði ekkert við“.

Einn segist hafa vitað „voða lítið um hvað hún snérist“ og annar segir „full langt að hafa heila nýnemaviku, 2–3 dagar væri alveg nóg“.



Mynd 24. Ástæður fyrir því að nemar tóku ekki þátt í nýnemaviku.

Á mynd 24 má sjá hversu miklu máli nokkrar tilgreindar ástæður skiptu fyrir því að nemar tóku ekki þátt í nýnemavikunni. Um 44% sögðu að það hefði skipt nokkru eða miklu máli að þeir komust ekki vegna vinnu og ríflega þriðjungur sagði að það hefði skipti nokkru eða miklu máli að þeir vissu ekki af nýnemavikunni en aðeins 6% tilgreindu fjölskylduaðstæður sem ástæðu fyrir því að mæta ekki. Algengasta ástæðan fyrir því að taka ekki þátt í nýnemaviku var áhugaleysi.



Mynd 25. Mat nema á því hvernig tókst til með nokkra þætti í nýnemavikunni.

Mynd 25 sýnir hversu vel þátttakendum fannst tilteknir þættir takast í nýnemavikunni. Flestum, eða rúmum 70%, fannst það að kynnst samnemendum hafa tekist frekar eða mjög vel og svipaður fjöldi telur að svo hafi verið varðandi upplýsingar um skipulag námsins. Rúmum helmingi svarenda fannst að frekar eða mjög vel hefði tekist að koma nemendum í gang í náminu og tæpum helmingi fannst takast frekar vel eða mjög vel að kynnst kennurum. Rúmum 20% nema fannst það hins vegar takast mjög eða frekar illa.